

Kvörtun vegna undirboða og verðlaunaútflutnings á kísilmálm til Íslands frá Kína (P.R. China)

Kvartandi:

PCC BakkiSilicon hf. Bakkavegur 2, 640 Húsavík Íslandi. Kt. 450612-0140.

(héreftir nefnt „PCC“)

Vara sem um ræðir í kvörtun:

Kísilmálmur (Silicon metal), tollskrárnúmer: HS 28 04 69 00 (annar kísill, lægri en 99.99% Si af massa)

Varan sem þessi beiðni nær til er kísill framleiddur í ljósbogaofnum hvar kvarts (kísildíoxíð) er afoxað í viðurvist ýmiskonar kolefnisgjafa.

Það er markaðssett í formi mola, korna, korna eða dufts samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum tækniforskriftum er varða hreinleika þess.

I. Almennt um kísilmálm og markaði

Notkun á kísilmálmi

Kísilmálmur á íslenskum markaði er notaður sem íblöndunarefni í framleiðslu á áli sem (stundum) ásamt öðrum íblöndunarefnum er notað til að framleiðslu á álblöndum (steypu- og útpressunarblendi) sem sendar eru erlendis í formi útsteyptra barra, sívalninga eða kubba í föstu formi. Þessar álvörur eru síðan notaðar við framleiðslu á mismunandi vörum, pörtum, mikið tengt bílageiranum við framleiðslu á bíla- og vörubílahjólum, boddý íhlutum, glugga- og hurðarkörmum.

Kísilmálmur er einnig mikilvægt hráefni í mörgum öðrum iðnaðarvörum sem ekki eru framleiddar á Íslandi, svo sem við framleiðslu á sílikónum hverskonar, notaður sem hálfleiðarar í rafeindavörur, sólarrafhlöður (PV) og ljósgler sem notað er til að framleiða bæði ljósleiðara og fljótandi kristalskjái. Loksins eru lægri gæðaflokkar úr kísilmálmi einnig notaðir sem íblöndunarefni við endurvinnslu (endurbræðslu) á áli, ásamt íblöndunarefni í járnsteypuframleiðslu og stálframleiðslu. ESB hefur skráð kísilmálm sem kritískt mikilvægt hráefni frá 2022 (e. Critical Raw Material), að hluta til vegna hugsanlegrar notkunar þess í hergagnaiðnaði, framleiðslu á rafhlöðum og rafknúnum farartækjum, auk sólarrafhlöðu, sem styður við umhverfismarkmið sambandsins um lækkun kolefnisfótspors.


Verðlagning og þróun framleiðslukostnaðar

Kísilmálmur er stöðluð hrávara sem verslað er með á heimsvísu. Það er auðvelt að skipta honum út milli mismundandi birgja, bæði innanlands eða erlendis, og því er verðlagning mikilvægasti þátturinn fyrir viðskiptavinum sem kaupa kísilmálm, sem og gæði vörunnar, sem markast af framboði og eftirspurn. Þar sem kísilmálmur er keyptur, seldur og fluttur milli heimsálfa, fylgist PCC vandlega með verðþróun kísilmálms, vísitölurverðum sem gefin er út af nokkrum alþjóðlegum fyrirtækjum, ásamt spám þeirra og eigin greiningum á framboðs- og eftirspurnarþáttum, sem og kostnaði við framleiðslu kísilmálms. Með hliðsjón af þessum breytum, stöðu pantana og magns, aðlagar PCC verðlag til viðskiptavina. Fyrir viðskiptavinum á íslenskum markaði, eins og í Evrópu og öðrum mörkuðum, er verð ákvarðað fyrir hverja einstaka sölu og samninga, háð tíma og aðstæðum á mörkuðum þegar salan er framkvæmd.

SILICON METAL PRICE FORECAST

Over time, Si Metal prices tend to reflect production costs. However, prices are at a very low ebb in 2025, below even cash cost levels for many producers.

Si Metal 5-5-3 grade price history (Real 2025 US\$/t)



- 5-5-3 grade is normally used as the benchmark price for Si Metal, even though 4-4-1 and 4-2-1 have a higher consumption. This is probably because 5-5-3 is the cheapest mainstream grade, with all other mainstream grades trading at a premium to 5-5-3.
- Prices in the US now usually trade at a higher premium over Europe than in the past, due to enhanced anti-dumping protection from 2016 onwards.
- European prices, over time, correlate well with the top of the global Si Metal cost curve.
- Prices in 2025 are at a low ebb, unprofitable for many producers, even in China


Confidential information

Confidential information

Verðlag á helstu mörkuðum kísilmálms eru nánast beintengt hvoru öðru, og stýrast að mestu leyti á verðum frá Kína, sjá mynd 1 hér að ofan, aðallega vegna yfirburðastöðu Kínverja í greininni á heimsvísu, en Kína var með yfir 85% af heildarframleiðslu kísilmálms árið 2024, eins og sjá má á mynd 2 hér að neðan. Það er mikilvægt að benda á að frá árinu 2020 hefur Kína hefur meira en tvöfaldað framleiðslugetu sína, úr 2 milljónum tonna upp í 5 milljónir tonna árið 2020, og hefur Kína stórtæk áform um enn frekari vöxt í greininni, þrátt fyrir að framleiða á mjög takmarkaðri afkastagetu dagsins í dag. Önnur mikilvæg staðreynd í þessu sambandi er að útflutningur frá Kína á kísilmálmi er næstum jafn stór og heildarframleiðsla á kísilmálmi annarsstaðar í heiminum.

SILICON METAL GLOBAL SUPPLY SUMMARY

Chinese Si Metal output has doubled since 2020 and quadrupled since 2010. Meanwhile, production outside China peaked in 2018 and has followed a declining trend since then.




Mynd 2: Þróun framleiðslu Kína. Confidential information

Meira en tvöföldun framleiðslu í Kína, er afleiðing nýrrar stefnu sem kínversk stjórnvöld hafa beitt til að auka framleiðslu og notkun kísils innanlands. Stjórnvöld í Kína hafa komið á fót áætlun og kerfi til að styðja við þessa þróun, með háum styrkjum til handa fyrirtækjum í kísiliðnaði, beint frá landsstjórninni eða í gegnum ýmsar svæðisstjórnir, eins og bent hefur verið á víðar, til dæmis í áströlsku ADD skýrslunni frá 28. mars 2025, sbr. fskj. nr. 2.¹

Það er því nokkuð augljóst hvernig Kína drottnar yfir markaðnum og ákvarðar verð á heimsvísu, sem hefur haft mjög neikvæð áhrif á framleiðslu í öðrum heimshlutum allt frá árinu 2018 eins og sést á mynd 2 að ofan. Verðlagning á kísilmálmni hefur verið mjög sveiflukennt síðustu árin, og hækkaði mikið árið 2021. Það gerðist í kjölfar töluverðrar lækkunar verða og samdráttar í kringum heimsfaraldur Covid19 árið 2020. Eftir innrás Rússa í Úkraínu árið 2021, fór verð á kísilmálmni aftur hækkandi, bæði vegna hækkandi orkuverðs í Evrópu og eins vegna hækkunar á verði kola og kolafurða, þar sem íslenskir og evrópskir málmframleiðendur höfðu fyrir notað töluvert af þessum vörum frá Rússlandi, en vegna refsiaðgerða ESB og fleiri landa var ekki lengur leyfilegt að flytja inn og notast við rússnesk kol og kolaafurðir. Við þetta hækkaði framleiðslukostnaður hjá PCC Bakka eins og öðrum, en kolatengdar vörur eru u.þ.b. 35% af heildarframleiðslukostnaði í greininni, utan Kína, eins og sjá má á mynd 3 hér að neðan frá Confidential information

¹ Report No. 651 Inquiry into the Continuation of Anti-dumping Measures on Silicon Metal Exported to Australia from the People's Republic of China.

Global average Si Metal ex-plant cash costs by component (2024)



- China dominates the global Si Metal cost curve. In the world ex-China, Brazil dominates the lowest quartile of the cost curve, with other players in the middle or upper quartiles.
- Electricity is the biggest cost component on average, followed by reductants, though costs at the component level vary significantly across regions.

Confidential information

Mynd 3: Kostnaðarhlutföll framleiðslu.

Confidential information

Enn hefur verðlagning kolaafurða haldist hátt í Evrópu, og er enn um tvöfalt dýrara en það var t.d. fyrir heimsfaraldur og árunum 2015-2020, eins og sjá má á mynd 4 hér að neðan frá óháðu ráðgjafafyrirtækinu **Confidential information**, sem ógnar samkeppnishæfni álfunnar og Íslands. Á sama tíma hefur kolaútflutningur frá Rússlandi til Kína aukist um 60%, úr 55 milljón tonnum árið 2021 í 85 milljón tonn árið 2024 og verð lækkað umtalsvert samkvæmt inn-og útflutningsgögnum. Af þessu leiðir að kínverskir málframleiðendur geta því áfram notað þessi ódýru rússnesku kol og kolaafurðir við sína framleiðslu, sem enn frekar skemkir samkeppnisstöðu PCC og annarra evrópskra framleiðenda.

COAL PRICES

Coal prices have fallen sharply from their peak level in 2022/23, as impacts from COVID and the invasion of Ukraine fade, nevertheless coal prices remain above their pre-COVID normal level.



Also, premiums for silicon coal/coke relative to standard thermal coal have widened substantially

Confidential information

Mynd 4: Þróun kolaverðs á almennum mörkuðum.


Confidential information

II. Íslenskur kísilmarkaður

Stærð markaðar

Á Íslandi eru þrír álframleiðendur, Rio Tinto á Íslandi (Isal), Norðurál Grundartanga (Century Aluminium) og Alcoa Fjarðarál. Eftirspurnin þeirra eftir kísilmálmi stýrist af eftirspurn íslensku álveranna, framleiðslumagni og nýtingu þeirra hverju sinni, sem mest oft markast við framboð á raforku eða þá truflunum eins og orkuskerðingu frá helstu innlendu raforkufyrirtækjum landsins. Eftirspurn íslenskra álvera er aftur tengd eftirspurn heimsmarkaði áls og almennum efnahag, þá aðallega í Evrópu, þar sem meirihluti framleiðslu þeirra er fluttur beint á innri markað Evrópusambandsins (ESB) til áframhaldandi framleiðslu.

Stærð íslenska markaðarins fyrir kísilmálm er auðvelt að finna út með því að skoða gögn Hagstofu Íslands um innfluttan kísil og bæta við sölum PCC Bakka á sama tímabili.



Mynd 5: Þróun innanlandsmarkaðar á Íslandi. Hagstofa og gögn frá PCC, 2025.

* 2025 is an annualized assumption, based on imports of silicon and sales of PCC from January to April 2025


Mynd 5 hér að ofan sýnir að magn kísilmálms sem notað er á íslenskum markaði hefur haldist nokkuð stöðugt, um og yfir 10.000 tonn á ári, þó með árlegum sveiflum á tímabilinu sem um ræðir. Lægri notkun árið 2020 skýrist af neikvæðum áhrifum af Covid 19 heimsfaraldri á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum. Árin 2021-2025 eru einnig óvenjuleg sögulega fyrir stóriðju á Íslandi, sökum óvenju lakrar stöðu í miðlunarlónum vatnsaflvirkjana, með tíðari skerðinga raforku en áratugina þar á undan, sem getur einnig hafa haft neikvæð áhrif á framleiðslu áls og þar með notkun kísils á Íslandi. Kísilmarkaður ársins 2025 er mat sem byggir á innflutningi og innanlandssölu PCC frá janúar til apríl 2025, svo ekki er ólíklegt að birgðabróun innanlands geti haft áhrif á að minna magn innflutnings fyrstu 4 mánuði þess árs og því líklegt að innflutningur muni aukast síðari hluta ársins, og endi á að verða meiri en 10.000 tonn.

Icelandic Silicon market analysis	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025*	SUM	Average
	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	Period	Period
Total Iceland Si Imports per year	9.401	7.461	10.212	9.348	9.607	8.705	7.999	62.733	8.962
China Imports Iceland	7.148	6.033	5.284	6.328	6.658	7.283	6.991	45.724	6.532
Import share China in Iceland %	76%	81%	52%	68%	69%	84%	87%	73%	74%
Sum other imports Iceland	2.254	1.429	4.928	3.020	2.949	1.422	1.008	17.009	2.430
Confidential information									

Mynd 6: Yfirlit innanlandsmarkaðar á Íslandi. Hagstofa og gögn frá PCC, 2025.


Þegar farið er yfir notkun og sölur síðustu þriggja ára 2022-2024, er notkun nær Confidential information að meðaltali á ári. Árið 2024 fjárfesti Norðurál í nýjum steypuskála, sem gerir þeim kleift að framleiða meira af svokallaðri boltasteypu sem inniheldur hærri íblöndun kísilmálms. PCC telur því líklegt að markaðurinn muni stækka í framtíðinni og geti náð allt að 17.000 tonnum af kísilmálmi á ári, sem jafngildir um helmingi af núverandi afkastagetu PCC Bakka í fullum rekstri á 2 ofnum.

Sölumagn, framleiðslugeta og nýting verksmiðju PCC BakkiSilicon



Mynd 7: Yfirlit innanlandsmarkað á Íslandi. PCC, 2025.


Allt frá 2021 þegar PCC hóf fullan rekstur á ný eftir stöðvun kringum heimsfaraldurinn, og hóf að selja kísilmálm til íslenskra álvera árið 2022, eins og sjá má á myndum 7 hér að ofan, samanborið við myndir 8 og 9 hér að neðan, ásamt töflu að neðan, er framleiðslunýting PCC sterklega tengd sölu þess á kísilmálmi á innanlandsmarkað. Með meiri sölu innanlands árin 2022 og 2024 er framleiðslugetan nánast fullnýtt yfir 90%, á meðan salan minnkar umtalsvert árin 2023 og 2025. Nýtingin var 53% fyrir árið 2023 og sama gildir um árið 2025 fyrstu 7 mánuði ársins, en þar sem PCC Bakki mun stöðva alla framleiðslu frá og með miðjum júlí 2025 verður nýting framleiðslugetu þess einungis um 28% árið 2025 í heild.



Mynd 8: Yfirlit innanlandsmarkað á Íslandi. PCC, 2025.


PCC BakkiSilicon hf		2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025*
Confidential information								

Eins er augljós bein tenging milli aukins sölumagn innanlands og söluverðmætis innanlands, mynd 9 að neðan, sem og framleiðslunýtingu. Eins sést að lækkandi verðmæti og tekjur PCC, fylgja þróun kísilverð á innanlandsmarkaði, sem hefur lækkað ef borin eru saman ár 2022 á móti 2024, og svo 2023 á móti árinu 2025.



Mynd 9: Yfirlit söluverðmæti á Íslandi. PCC, 2025.

Markaðshlutdeild, nánar um innflutning og samkeppni



Mynd 10: Yfirlit yfir markað kísilmálms á Íslandi. Hagstofa og PCC, 2025.

Mynd 10 hér að ofan sýnir að PCC keppir á íslenska markaðnum á móti innflutningi frá alþjóðlegum framleiðendum kísilmálms, en aðallega kemur samkeppnin frá Kína, sem hefur yfirburðastöðu á markaðnum með yfir 80% markaðshlutdeild á þeim árum sem hér um ræðir. Á tímabilinu hefur markaðshluteild Kína verið að lágmarki 50%, en árin 2022-2023 fer markaðshluteild þeirra aftur vaxandi, jafnt og þétt og nær yfir 80% markaðshlutdeild árin 2024-2025.

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025 - ársgrv
Innfluttur kísilmálmur til Íslands	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons
Kína	7.148	6.033	5.284	6.328	6.658	7.283	6.991
Þýskaland	386	0	0	195	0	192	0
Kanada	240	0	411	24	0	96	0
Brasilía	576	608	1.254	472	1.414	72	0
Spánn	138	0	791	0	0	5	0
Ástralía	0	0	0	0	200	0	0
Bandaríkin	14	0	0	93	0	0	0
Bosnia og Herzegovina	0	0	215	596	0	0	0
Frakkland	0	0	707	480	572	0	0
Malasía	0	0	100	150	0	0	0
Noregur	0	240	1.014	72	100	0	0
Rússland	0	0	100	200	0	0	0
Suður-Afríka	241	96	71	0	0	0	0
Samtals EKKI framleiðsla kísilmálms	660	485	265	738	663	1.057	1.008
Samtals - tonn/ári	9.401	7.461	10.212	9.348	9.607	8.705	7.999

Mynd 11: Yfirlit yfir markað kísilmálms á Íslandi. Hagstofa og PCC, 2025.

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025 -
Innfluttur kísilmálmur til Íslands	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	ársgrv Tons
Kína	76%	81%	52%	68%	69%	84%	87%
Þýskaland	4%	0%	0%	2%	0%	2%	0%
Kanada	3%	0%	4%	0%	0%	1%	0%
Brasilía	6%	8%	12%	5%	15%	1%	0%
Spánn	1%	0%	8%	0%	0%	0%	0%
Ástralía	0%	0%	0%	0%	2%	0%	0%
Bandaríkin	0%	0%	0%	1%	0%	0%	0%
Bosnia og Herzegovina	0%	0%	2%	6%	0%	0%	0%
Frakkland	0%	0%	7%	5%	6%	0%	0%
Malasía	0%	0%	1%	2%	0%	0%	0%
Noregur	0%	3%	10%	1%	1%	0%	0%
Rússland	0%	0%	1%	2%	0%	0%	0%
Suður-Afríka	3%	1%	1%	0%	0%	0%	0%
Samtals ekki framleiðslulönd kísilmálms	7%	6%	3%	8%	7%	12%	13%
Samtals - tonn/ári	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Mynd 12: Yfirlit yfir markað kísilmálms á Íslandi. Hagstofa og PCC, 2025.


En ef upplýsingar um innflutning kísilmálms til Íslands, úr gagnagrunni Hagstofunnar töflu 12 hér að ofan sem og töflu 13 hér að neðan eru skoðaðar betur, sést að talverður innflutningur kemur til Íslands frá löndum sem ekki framleiða kísilmálm (eiga ekki ofna og verksmiðjur til að framleiða). Þetta eru lönd eins og Hong Kong, Bretland og Holland, sem samanlagt eru með næstmestu markaðs-hlutdeildina, á bilinu 7-13% yfir tímabilið. Í greininni er þetta flæði vel þekkt, og að um sé að ræða kínverskt efni sem selt er til milliliða (trader) og flutt fyrst til þessara landa á lagera til geymslu, áður en það er selt og flutt áfram á endanlegan áfangastað. Kísilmálmur frá PCC og öðrum vestrænum fyrirtækjum eins og Elkem í Noregi, FerroGlobe í Frakklandi, Spáni eða evrópskum fyrirtækjum er oftast keyptur beint frá framleiðendanum sjálfum og er því strax skráður rétt í helstu út og innflutnings-gagnagrunna.

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025 -
Innfluttur kísilmálmur til Íslands - frá löndum sem EKKI framleiða kísilmálm	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	Tons	ársgrv Tons
Hong Kong	130	0	0	96	281	673	432
Bretland	0	0	97	0	382	336	216
Sviss	0	0	0	0	0	48	0
Danmörk	0	0	0	0	0	0	0
Belgía	2	0	0	0	0	0	0
Bólvía	0	0	72	0	0	0	0
Finnland	0	0	0	0	0	0	0
Holland (Niðurland)	408	480	95	321	0	0	216
Pólland	0	0	0	0	0	0	0
Svíþjóð	120	5	0	296	0	0	144
Víetnam	0	0	0	24	0	0	0
Samtals - tonn/ári	660	485	265	738	663	1.057	1.008

Mynd 13: Yfirlit yfir markað kísilmálms á Íslandi. Hagstofa og PCC, 2025.

Þegar þessar tölur um innflutning frá löndum, sem ekki framleiða kísilmálm, er bætt við tölurnar frá Kína, sem er sanngjarnt og eðlilegt að álíkta þar sem efni frá Hong Kong og Víetnam er mjög ólíklega annað en kínverskt efni og að Holland og Bretland eru stærstu innflutningshafnir í Evrópu fyrir

kínverskt efni, kemur í ljóst að raunverulega markaðshlutdeild þeirra á Íslandi er mun hærri og stýrir því algerrlega markaðnum og verðmyndun hans. Þetta er augljóst ef lítið er til árána 2024 og 2025, mynd 14 hér að neðan, þar sem samanlögð markaðshlutdeild Kína er þá raunverulega 96% 2024 og mun verða 100% árið 2025. Það er því augljóst að Kína hefur mikla yfirburði og leiðandi markaðsstöðu á íslenska markaðnum og annar innflutningur hefur engin eða mjög lítil áhrif á framgang hans.



Mynd 14: Yfirlit yfir kínverskan innflutning á Íslandi. Hagstofa og PCC, 2025.

Frá árinu 2022 eftir að PCC hóf að selja til innlendra kúnna, hefur markaðshlutdeild fyrirtækisins smám saman minnkað ár frá ári, bæði í raun tonnnum, verðmætum, sem og í prósentum af heildarmarkaðnum, sem fer lækkandi úr um [redacted] árið 2022 niður í um [redacted] árið 2025. Á sama tíma hefur heildarmarkaðshlutdeild Kínverja (aук smygglaðs magns) aukist í yfir 90%, sem aftur sýnir algera yfirburði þeirra á markaðnum.




Mynd 15: Yfirlit yfir markaðshlutdeild á Íslandi. Hagstofa og PCC, 2025.

Verðáhrif, hagnaður og arðsemi PCC BakkiSilicon á innlandsmarkaði

PCC BakkiSilicon KPIs and China imports

KPI	2022	2023	2024	2025 YTD
Capacity(tons)	34,000	34,000	34,000	15,750
Utilization (%)	84%	51%	93%	48%



Mynd 16: Yfirlit yfir framleiðslu, þróun verðs á innlandsmarkaði. Hagstofa og PCC, 2025.

Eins og sjá má á mynd 16 hér að ofan, hefur innflutningsverð frá Kína á kísilmálmi til Íslands lækkað verulega frá árinu 2022 til 2025. Verðið lækkar úr rúmlega 4.000 €/tonn árið 2022 í aðeins um 2.200 €/tonn innflutt árið 2025 til apríl. Þessi þróun hefur verið samhliða vaxandi markaðshlutdeild Kína á íslenskum kísilmarkaði. Með markaðshlutdeild yfir 80% árin 2023–2025, og nær 100% 2025, hefur þessi verðlækkun haft bein áhrif á markaðsverð og möguleika PCC til að viðhalda arðsemi á innlandsmarkaði.

IS Unit Cost of Complainant – PCC BakkiSilicon (Indexed, 2022 = 100)

	2022	2023	2024	2025
IS Unit cost (Eur/ton)	100	105.5	93.8	90.4
Unit Cost Category	2022	2023	2024	2025
COM	Confidential information			
Raw Materials				
Energy				
Other				
SGA				
Full unit cost				

Mynd 17: Yfirlit yfir kostnað framleiðslu hjá PCC. PCC, 2025.

Þrátt fyrir að PCC hafi náð að lækka eigin framleiðslukostnað á tímabilinu – eins og sjá má á mynd 17 hér að ofan, þar sem fullur einingarkostnaður lækkar úr vísitölunni 100 (2022) í 90,4 árið 2025 – hefur sú lækkun ekki dugað til að mæta verðfallinu á markaðnum. Samhliða hefur framlegð PCC hrunið úr 29,95% árið 2022 í -22,7% árið 2025 á sölum innanlands. Confidential information Confidential information. Eins er vert að benda á að neikvæða þróun fjölda starfsígilda hjá verksmiðju PCC, sem hefur lækkað frá árinu 2022, og helst í hendur við selt magn innanlands og framleiðslunýtingu.

III. Áhrif kínverskra undirboða og verðlaunaútlutnings á íslenskan kísilmarkað og framleiðslu

Undirverðlagning Kína - útreikningar

Til að framkvæma undirboðsútreikninga eru lagðir til grundvallar meðalsöluverð kísilmálms PCC til innlendra viðskiptavina. Samanburður var síðan gerður við meðaltal CIF innflutningsverðs frá Kína á sama tímabili. Þessir útreikningar staðfesta að Kína er ávallt að selja sínar vörur til innlendra aðila langt undir söluverði PCC og þrátt fyrir tilraunir PCC að fylgja kínversku innflutningsverði hélt það áfram að vera lægra en verð PCC á íslenska markaðnum.

Price Undercutting Calculations - A	2021	2022	2023	2024	2025*
PCC BakkiSilicon domestic price (EUR/tonn)	Confidential information				
China's++ import price Iceland (EUR/tonn)	2.049	4.223	2.820	2.271	2.197
Undercutting price China++ - EUR/tonn	Confidential information				
Price Undercutting - %	Confidential information				

*2025 Jan-April - annualized

++ means China total with circumvented imports

Mynd 18: Undirverðboð á kínverskum kísilmálmi. PCC, 2025.

Eins og fram kemur í töflu 18 hér að ofan, er undirverðlagning kínversks innflutnings m.v. verð PCC á umræddu tímabili, frá bilinu -43% ²árið 2021, í að meðaltali -15-23% ³síðastliðin 2 ár.

Tjón af völdum Kína - útreikningar

Til að reikna út tjón PCC af umræddum undirboðum Kína, er til grundvallar notast við framleiðslu-kostnaði kísilmálms á Íslandi (PCC er eini innlendi framleiðandinn), að viðbættum lágmarks hagnaðarhlutfalli uppá █% af veltu fyrir hvert tonn af framleiddum málmi, sem er algert lágmark til að standa undir sjálfbærri endurfjárfestingu eignarinnar. Samanburður kostnaðar PCC og meðalverð innflutnings frá Kína sýnir að tjón af völdum Kína er á bilinu 27-45% ⁴á síðustliðnum 3 árum, en var hæstur árið 2021, eða um 54% ⁵.

² Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose

³ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose

⁴ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose

⁵ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose

Price Underselling/Injury margin (EUR/tonn) - A	2021	2022	2023	2024	2025*
PCC BakkiSilicon production cost (EUR/tonn)	Confidential information				
Min profit assumption (%) **					
Target price with min profit					
China's++ import price Iceland (EUR/tonn)	2.049	4.223	2.820	2.271	2.197
Underselling price China++ - EUR/tonn	Confidential information				
Injury Margin China++ - %					

*2025 Jan-April - annualized

** bare minimum to re-invest and secure survival of the plant

Mynd 19: Tjón PCC af undirverðboði á kínverskum kísilmálm. PCC, 2025.

Þar sem PCC er eini kísilmálmframleiðandi á Íslandi, og á sama tíma mjög ungt fyrirtæki í þessum geira, er ekki óeðlilegt að efasemdir vakni um hvort framleiðslukostnaður félagsins sé óeðlilega hár. Á hinn bóginn er líka rétt að benda á að kostnaður og verðlag á Íslandi er almenn hátt, staðsetningu þess á Norðausturlandi hefur í för með sér einhvern aukinn kostnað m.v. t.d framleiðendur í Evrópu og víða annarsstaðar, og svo að t.d launakjör og aðbúnaður starfsfólks, sem og öryggis- og umhverfisviðmið eru í samræmi við lög og reglugerðir á Íslandi og ESB.

Því er hér að neðan í töflu 20 notaður samanburður við útreikning á tjóni á undirboðum Kínverja á Íslandi miðað við framleiðslukosntað í Malasíu þar við bætast kostnaðaraukar við flutning og sölu þess til Íslands, kostnaði tengdum stjórnun íslenskra félaga (SGA), mengunargjaldi (ETS skatt vegna CO2 útblásturs) sem framleiðendur á Íslandi og í ESB þurfa að greiða, auk meðaltals arðsemi kísilframleiðenda í Malasíu upp á á tímabilinu 2021-2023. Eins og tafla 20 hér að neðan sýnir þessi útreikningur einnig fram á verulegt tjón af innflutningi Kína, á bilinu -19⁶% og -26⁷% á árunum 2024 og fyrri hluta ársins 2025.

Price Underselling/Injury margin (EUR/tonn) - B	2021	2022	2023	2024	2025*
Malaysia Silicon prod/sales cost (EUR/tonn)	Confidential information				
Target profit (%) **					
Target price with profit					
China's++ import price Iceland (EUR/tonn)	2.049	4.223	2.820	2.271	2.197
Undercutting price China++ - EUR/tonn	Confidential information				
Price Undercutting - %					

*2025 Jan-April - annualized

** OM Malaysia average profits 2021-2023

Mynd 20: Tjón PCC af undirverðboði á kínverskum kísilmálm. PCC, 2025.

Til að gera enn frekari samanburð á tjóni af völdum innflutnings Kína á Íslandi, er borinn saman framleiðslukostnaður þýska framleiðandans RW Silicium (viðmiðunarkostnaður 2024), að viðbættum eðlilegum kostnaði við flutning til Íslands, sölupóknun uppá %, auk hagnaðar á kostnað, sem var meðaltals hagnaður framleiðenda í ESB á tímabilinu 2021-2023

⁶ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose

⁷ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose

Confidential information Þessi tjónaútreikningur fyrir reyndan framleiðanda í ESB á sama tímabili, sýnir fram á tjón á bilinu -20-38⁸% á tímabilinu 2023-2025.

Price Underselling/Injury margin (EUR/tonn) - B	2021	2022	2023	2024	2025*
RW Germany Silicon prod/sales cost (EUR/tonn)	Confidential information				
Target profit (%) **					
Target price with profit					
China's++ import price Iceland (EUR/tonn)	2.049	4.223	2.820	2.271	2.197
Undercutting price China++ - EUR/tonn	Confidential information				
Price Undercutting - %					

*2025 Jan-April - annualized

** average profit of EU Silicon alloy producers in 2021-2023

Mynd 21: Tjón PCC af undirverðboði á kínverskum kísilmálm. PCC, 2025. [REDACTED]

Niðurstaða um tjón PCC af völdum undirboða frá Kína

Íslenskur markaður fyrir kísilmálm hefur haldist nokkuð stöðugur frá 2019 til ársins 2025 með heildarnotkun uppá u.þ.b. [REDACTED] tonn á ári, og meðaltals innflutning upp á u.þ.b. 9.000 tonn á ári.

Þróun allra hagvísu PCC á tímabilinu sem um ræðir, allt frá því að PCC hóf að selja til innlendra álvera árið 2022, hafa þróast í neikvæða átt vegna hins kínverska innflutnings, hvort heldur er markaðshlutdeild þess á Íslandi sem hefur minnkað yfir tímabilið úr um [REDACTED] árið 2022 niður í um [REDACTED] árið 2025, eða allir aðrir þættir starfseminnar s.s. lakari framleiðslunýting, fækkun starfsígilda, lækkað söluverðmæti og aukinn taprekstur. Öll þessi neikvæða þróun á starfsemi PCC og nærsamfélag, má rekja til aukins innflutnings frá Kína, með markaðsráðandi hlutdeild þeirra, sem hefur þróast úr 60% árið 2022 upp í yfir 90% árið 2025, ef tekið er tillit til „smygglaðs“ innflutnings frá Kína, helmingis lækkun einingaverðs úr u.þ.b 4,000 evrur á tonnið niður í 2,000 evrur tonnið 2025.

Eins og sýnt hefur verið fram á nema ólögleg undirboð Kína, m.v. söluverð (undercutting) PCC á tímabilinu frá -10%⁹ upp í -40¹⁰%, ef frá er skilið árið 2023. Sama á við um útreiknað tjón (underselling) af hálfu Kína, sem hafa selt undir kostnaðarverði PCC, á bilinu -34¹¹% til -49¹²%, ef undan er skilið árið 2022. Eins hefur verið sýnt fram á að mikið tjón væri einnig til staðar ef miðast væri við framleiðslukostnað, t.d í Malasíu eða í Þýskalandi.

Því miður eru þessi undirboð á kísilmálm til Íslands fyrst og síðast tilkomin vegna afskipta kínverskra stjórnvalda af kísilframleiðslu og markaðnum þar í landi, sem leitt hefur af sér gríðarlega offjárfestingu og offramboð í landinu, sem og heiminum öllum.

⁸ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose
⁹ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose
¹⁰ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose
¹¹ Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose
¹² Numbers have been adjusted by +/- x% – for confidentiality purpose

Það er því augljóst m.v. framlögð gögn að rannsókn á undirboðum Kína til Íslands á fullan rétt á sér, líkt og önnur lönd sem Ísland ber sig saman við hafa gert, en umrædd lönd hafa ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að um óeðlilega viðskiptahætti sé að ræða.

Eftirmáli um tjón af innflutningi kísilmálms frá Kína til Íslands:

Í lok maí 2025, tilkynnti PCC um algera rekstrarstöðvun verksmiðjunnar frá og með miðjum júlí um óákveðinn tíma, þar sem nær öllum starfsmönnum var sagt upp störfum. Þessi stöðvun mun hafa gífurlega neikvæðar afleiðingar fyrir PCC, nærsamfélagið á Húsavík og Norðurþing sem um miðjan júní tilkynnti um umfangsmikinn niðurskurð í fjárfestinga- og viðhaldsverkefnum tengt lokun PCC. Til langs tíma mun lokun PCC hafa neikvæð áhrif á fjárfestingu í landshlutanum öllum, t.a.m. áformum Landsvirkjunar og Landsnet um aukna orkuframleiðslu á Þeistareykjum.

Eftirmáli um stefnu og aðferðir kínverskra stjórnvalda:

Þessi miklu undirboð frá Kína eru augljóslega mjög kerfisbundinn og á skala sem á sér engar hliðstæður. Ef lítið er til sögu síðastliðinna ára úr gögnum um alþjóðleg viðskipti og framleiðslu, sér í lagi á strategískum málum, og yfirlýssti stefnu og markmiðum kínverskra stjórnvalda virðast þau fyrst og síðast stjórnast af ákvörðunum um hagvöxt í heimalandinu uppá a.m.k. 5%, sem virðist vera helsti (eini) vegvísir kommúnistaflokkssins á hverju 5 ára tímabili. Á einhvern undraverðan hátt nær flokkurinn svo undantekningalaust markmiðum sínum, með bellibrögðum eins og með offramleiðslu, undirverðlagningu um 20-25% undir verði annarsstaðar í veröldinni og að endingu tortímingu á samkeppni annarsstaðar í heiminum.